



Húsnæðismál í brennidepli

Húsnæðismál hafa verið í brennidepli í félagsmálaráðuneytinu frá því Árni Magnússon tók við sem félagsmálaráðherra í vor, enda var eitt af hans helstu baráttumálum í kosningabaráttunni innleiðing hækkunar lánshlutfalls almennra íbúðalána í 90% af verði hóflegar íbúðar.

Ríkisstjórnin ákvað að setja húsnæðismálin á oddinn á kjörtímabilinu með því að fjalla sérstaklega um 90% lánin í stjórnarsáttmála sínum þar sem segir að meðal

helstu markmiða ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á kjörtímabilinu sé eftirfarandi: Að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánshlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki. Leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði efldur.


Sjá nánar á bls. 6

Fréttabréf um húsaleigubætur

Á vegum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er hafin útgáfa á sérstöku fréttabréfi er fjallar um húsaleigubætur. Stefnt er að útgáfu fréttabréfsins fjórum sinnum á ári eða við lok hvers ársfjórðungs. Eingöngu verður um útgáfu á Netinu að ræða.

Húsaleigubætur komu fyrst til greiðslu árið 1995 en frá þeim tíma hefur þróun í greiðslum þeirra verið mjög ör, einkum þó síðustu þrjú árin. Má það einkum rekja til aukins bótaréttar í kjölfar breytinga á laga- og reglugerðarákvæðum er gilda þar um.

Markmiðið með útgáfu fréttabréfsins er að koma sem fyrst á framfæri tölulegum upplýsingum er gefa til kynna þróun í húsaleigubótakerfinu, ásamt því að koma



á framfæri ýmsum hagnýtum upplýsingum er gagnast munu sveitarfélögum við framkvæmd þeirra á laga- og reglugerðarákvæðum er gilda um húsaleigubætur.

Í fyrsta tölublaði fréttabréfsins er kom út 28. nóvember sl. er meðal annars fjallað um áætlanir sveitarfélaga um greiðslur húsaleigubóta árið 2003 og samanburður gerður við raungreiðslur þeirra fyrstu þrjú ársfjórðunga ársins. Einnig koma þar fram upplýsingar um greiðslur Jöfnunarsjóðs til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta á sama tímabili og þróun í greiðslum sveitarfélaga á húsaleigubótum frá árinu 1998 til 2003 er rakin.



Frá vinstri: Krístrún Kristinsdóttir, Árni Gunnarsson, Elsa Arnardóttir, Hákon Gunnarsson, Björg Kjartansdóttir og Ásta Sigrún Helgadóttir.

Starfshópur til að fjalla um þjónustu við innflytjendur á Íslandi

Félagsmálaráðherra hefur nýlega skipað starfshóp til að fjalla um þjónustu við innflytjendur á Íslandi, skipulag hennar og fyrirkomulag.

Markmið starfshópsins er meðal annars að skoða möguleika á að bæta stöðu innflytjenda í samfélaginu og tryggja rétt þeirra og aðgang að upplýsingum um réttindi þeirra og skyldur hér á landi, sem og að styrkja almennt þjónustu í málaflokknum.

Í desember 2002 var heildarfjöldi erlendra ríkisborgara á Íslandi 10.221. Breytt samfélag, breytingar á samsetningu landsmanna, breyttur vinnumarkaður og mismunandi trúarbrögð kalla á breytingar á almennri þjónustu við íbúa landsins.

Hlutverk starfshópsins er meðal annars að koma fram með hugmyndir og tillögur sem miða að því að tryggja eðlilega og

uppbyggilega sambúð menningarheima innan íslensks samfélags. Eitt af meginverkefnum er að tryggja þjónustu við innflytjendur og að þeir séu upplýstir um leikreglur þess samfélags sem þeir hafa valið sér að flytja til.

Í starfshópinn voru eftirtalin skipuð:

Ásta Sigrún Helgadóttir, formaður, skipuð af félagsmálaráðherra, Árni Gunnarsson, skipaður af félagsmálaráðherra, Elsa Arnardóttir, tilnefnd af Fjölmeningarsetri, Hákon Gunnarsson, tilnefndur af Alþjóðahúsi, og Krístrún Kristinsdóttir, tilnefnd af dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Sérstakur starfsmaður úr félagsmálaráðuneytinu mun starfa með nefndinni.



Félagsmálaráðuneytið
Fréttabréf
1. tbl. 15. árg. - janúar 2004

Ábyrgðarmaður: Hermann Sæmundsson - **Ritstjóri:** Sigurjón Örn Þórsson
Hönnun og umbrot: Reykvísk útgáfa/Dixill - **Ljósmyndir:** Sigurður Egilsson, Arnar Pálsson, Kristján Maack o.fl. - **Útgefandi:** Félagsmálaráðuneytið - **Netfang:** postur@fel.stjr.is - **Veffang:** felagsmalaraduneyti.is
Prentun: Prentmet ehf.



Undirritun samnings um lektorsstöðuna: Árni Magnússon félagsmálaráðherra, Páll Skúlason háskólarektor og Ólafur Þ. Harðarson forseti félagsvísindadeildar. T.h. Rannveig Traustadóttir dósent.

Félagsmálaráðuneytið kostar starf lektors í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands:

„Tímamótaákvörðun“

segir Rannveig Traustadóttir, dósent við félagsvísindadeild

Í tilefni af Evrópuári fatlaðs fólks hefur félagsmálaráðherra ákveðið að kosta starf í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Með þessu vill ráðherrann efla og styrkja fræðastarf, kennslu, rannsóknir og framþróun á þessu sviði.

Framsýni og stórhugur

„Ég fagna mjög þessari ákvörðun Árna Magnússonar félagsmálaráðherra. Hann sýnir þarna stórhug og framsýni í málaflokknum“, sagði Rannveig Traustadóttir, dósent við félagsvísindadeild. „Þessi ákvörðun markar tímamót því þetta er fyrsta starfið við háskóla hérlendis sem er sérstaklega merkt þessu fræðasviði. Eins og á öðrum málavíðum þá er mikilvægt að stefnumörkun, þróun þjónustuúrræða og aðrar aðgerðir byggji á traustum fræðilegum grunni. Þessi ákvörðun ráðherra mun eiga stóran þátt í að efla hinar fræðilegu undirstöður málaflokksins.“

Ný fræðigrein

Að sögn Rannveigar er fötlunarfræði ný fræðigrein bæði hér á landi og á alþjóðavettvangi. Innan þessa nýja fræðasviðs er vakin athygli á því að fötlun er mikilvægt en vanrækt svið mannlegrar reynslu. Eins og önnur fræði sem snúa að þjóðfélagshópum sem ekki hafa notið jafnréttis og fullra mannréttinda leggja fötlunarfræði áherslu á að fræðin séu baráttu- og hreyfiafl til hagsbóta fyrir fatlað fólk. Fræðin skulu ekki bara vera um fatlaða heldur líka fyrir fatlað fólk. Rannveig leggur áherslu á að með ákvörðun sinni um að kosta starfs lektors í fötlunarfræðum sé félagsmálaráðherra að styrkja það fræðastarf sem muni skila fötluðu fólki mikilvægum baráttutækjum.

Framhaldsnám í fötlunarfræðum

Stefnt er að því að hinn nýi lektor verði ráðinn til starfa á miðju ári 2004. Aðspurð um í hverju starf nýja lektorsins muni felast svarar Rannveig því til að það felist í að þróa og efla fötlunarfræði sem fræðigrein, með áherslu á félagslegar aðstæður fatlaðra og félagsleg sjónarhorn í fræðastarfi og fötlunarrannsóknnum. Í þessu skyni verður sett á stofn framhaldsnám í fötlunarfræðum við félagsvísindadeild haustið 2004. Námið mun miðast við fólk sem hefur lokið grunnnámi í háskóla og verður skipulagt þannig að um þrjár námsleiðir verður að ræða: (1) 15 eininga diplómanám, (2) 45 eininga starfsmiðað meistaranám og (3) 60 eininga rannsóknamiðað meistaranám. Þessar þrjár námsleiðir hafa sameiginlegan kjarna og verða kenndar samhliða. Þær hefjast allar næsta haust að sögn Rannveigar, sem bætir við að hún bindi miklar vonir við að það fólk sem komi ljúki þessu námi muni mynda kjarna þeirra sem verða í fararbroddi í málaflokknum á komandi árum.

Bjart framundan

„Mér fannst birta yfir málefnum fatlaðra þegar Árni Magnússon tók við embætti félagsmálaráðherra. Frá fyrsta degi hefur hann lýst metnaði sínum til að standa vel að málum og sýnir í verki að hann vill stuðla að framþróun í málefnum fatlaðra. Ég bind miklar vonir við störf hans og hlakka til samstarfs við hann og hans fólk á komandi árum við uppbyggingu í þessum mikilvæga málaflokki,“ sagði Rannveig Traustadóttir að lokum.

Þrjú frumvörp á sviði vinnumála

Félagsmálaráðherra hefur lagt fram á Alþingi þrjú frumvörp til laga á sviði vinnumála. Með frumvörpunum verða leidd í íslensk lög ákvæði í tilskipunum Evrópusambandsins um aðild starfsmanna að stjórnun Evrópufélaga, tilskipun um réttindi starfsmanna í hlutastörfum og tilskipun um tímabundna ráðningarsamninga. Nú þegar hefur eitt þessara frumvarpa verið samþykkt sem lög á Alþingi, en það fjallar um tímabundna ráðningu starfsmanna.

Nýtt félagsform á Evrópska efnahagssvæðinu

Evrópufélög eru nýtt félagsform sem auðveldar fyrirtækjum að hasla sér völl í fleiri en einu aðildarríki Evrópusambandsins og um leið á Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt sérstakri reglugerð ESB um Evrópufélög gildir skráning í einu EES-ríki í öllum aðildarríkjunum. Þetta dregur verulega úr fyrirhöfn við skráningu og kostnaði sem af henni hlýst fyrir fyrirtæki sem starfa á Evrópuvísu. Eðli málsins samkvæmt verður að leiða ákvæði reglugerðarinnar og tilskipunarinnar í lög með samræmdum hætti í öllum aðildarríkjunum Evrópska efnahagssvæðisins fyrir 8. október 2004.

Markmið tilskipunar og þar með laganna um aðild starfsmanna að Evrópufélögum er að vernda rétt starfsmanna Evrópufélaga til aðildar að málum og ákvörðunum sem varða starfsemi félagsins sem þeir vinna hjá og að tryggja að gildandi reglur um aðild starfsmanna hvorki hverfi né að vægi þeirra minnki við það að fyrirtæki sé breytt í Evrópufélag eða nýtt stofnað á grundvelli reglugerðarinnar.

Frumvarpið, verði það að lögum, ver áunninn rétt starfsmanna til að taka þátt í ákvörðunum í Evrópufélaginu og önnur þau réttindi sem einu nafni má kalla „atvinnulýðræði“. Réttindi starfsmanna, sem eru í gildi áður en Evrópufélag er stofnað, eru grundvöllur að rétti starfsmanna. Þetta gildir ekki aðeins við stofnun Evrópufélags heldur einnig um skipulagsbreytingar í starfandi Evrópufélagi og félögum sem verða fyrir áhrifum af slíkum skipulagsbreytingum.

Meginreglur um réttindi starfsmanna í hlutastörfum

Tilskipun Evrópusambandsins um hlutastörf byggir á ramma-samningi Evrópusamtaka aðila vinnumarkaðarins. Í inngangs-orðum hans kemur fram að samningurinn sé framlag til endurskipulagningar vinnumarkaðsmála í Evrópu. Í honum eru settar fram almennar meginreglur og lágmarkskröfur er varða réttindi starfsmanna sem gegna hlutastörfum. Í samningnum kemur fram vilji aðila vinnumarkaðarins til að setja almennan ramma í því skyni að uppræta mismunun gagnvart þessum launamönnum og til að auka möguleika á hlutastörfum á forsendum sem eru viðunandi bæði fyrir atvinnurekendur og launafólk. Með samningnum er einnig viðurkennt að aðstæður í aðildarríkjunum eru misjafnar. Tilgangur rammisamningsins er einnig að stuðla að sveigjanlegri skipulagningu vinnutíma. Meginsjónarmiðið er að hlutavinnufólk sæti ekki lakari meðhöndlun en þeir sem eru í fullu starfi nema mismunun verði réttlætt á grundvelli hlutlægra ástæðna.

Frumvarp um tímabundna ráðningarsamninga

Á íslenskum vinnumarkaði er meginreglan sú að starfsmenn eru ráðnir ótímabundið. Frumvarpinu um tímabundna ráðningarsamninga er ekki ætlað að breyta þeirri óskráðu reglu og er því gert ráð fyrir að ótímabundnir ráðningarsamningar verði áfram hið ríkjandi ráðningarform hér á landi. Engu að síður verður að gera ráð fyrir því að tímabundnir ráðningarsamningar geti á tilteknum sviðum og í tilteknum starfsgreinum hent að bæði atvinnurekendum og launamönnum.

Í frumvarpinu er kveðið á um þær lágmarksreglur sem skulu gilda um starfsmenn sem ráðnir eru tímabundið. Lagt er til að samningar um grunnstarfsnáms og aðrir námssamningar verði undanskildir gildissviði frumvarpsins sem og störf sem eru liðir í þjálfunar-, aðlögunar- eða endurmenntunaráætlunum er njóta stuðnings opinberra aðila. Þá er gert ráð fyrir að frumvarpið gildi ekki um starfsmenn framleigufyrirtækja þegar þeir eru framleigðir til notendafyrirtækis. Enn fremur tekur frumvarpið ekki til embættismanna, samanber réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Bjartsýni og kraftur

Í félagsmálaráðuneytinu hefur á undanförunni misseri verið lögð áhersla á að auka enn frekar við þjónustu við fatlaða. Áherslur félagsmálaráðherra á þessu fyrsta starfsári hans hafa sérstaklega beinst að því að vinna í samræmi við áætlanir starfshóps sem skilaði skýrslu um stöðu biðlista eftir búsetu í nóvember 2000. Í þeirri skýrslu var meðal annars lagt til að rýmum á sambýlum yrði fjölgað um alls 110 á árunum 2001–2005, þar af um 80 rými í Reykjavík og á Reykjanesi. Í lok ársins 2003 og á fyrstu

mánuðum ársins 2004 er gert ráð fyrir að 20 ný rými verði tekin í notkun.

Í árslok 2004 er gert ráð fyrir að enn bætist 22–24 ný rými við þannig að á tveimur árum verða til 44–46 ný rými til viðbótar þeim 48 rýmum sem þegar voru til staðar. Í árslok 2004 munu því alls 90 ný rými hafa orðið til af þeim 110 rýmum sem gert var ráð fyrir. Það er því mat félagsmálaráðuneytisins að við árslok 2005 verði 40 manns sem muni bíða eftir rými á sambýlum.

Nýtt sambýli



Þann 21. október 2003 var vígt nýtt sambýli fyrir fatlaða við Jöklasel 2 í Reykjavík. Húsið er á einni hæð líkt og raðhús og þar eru sex einstaklingsíbúðir sem eru 50 m² hver um sig auk sameiginlegrar aðstöðu.

Við undirbúning verkefnisins var tekið mið af þeim þörfum sem fatlaðir hafa til góðrar þjónustu og lögð var mikil áhersla á kröfur til gæða umhverfis til að stuðla að vellíðan og þroska íbúanna.

Húsnæðið býður einnig upp á fyrirmyndaraðstöðu fyrir starfsfólk heimilisins. Slíkt er nauðsynlegt til að tryggja að

þjónustan sé alltaf í samræmi við þarfirnar sem hér þarf að koma til móts við. Það er mikilvægt að benda á að gæði þjónustunnar ráðast ekki eingöngu af umhverfinu sem hún er veitt í þó svo að það skipti miklu máli.

Viðhaft var alútboð og aðalverktaki voru saman Baldur Jónsson og VSÓ Ráðgjöf ehf. Að hönnun hjá aðalverktaka komu Manfræð Vilhjálmsson-Arkitektar ehf. og Verkfræðistofa Njarðvíkur.

Húsnæðið var fjármagnað af Framkvæmdasjóði fatlaðra og er heildarkostnaður þess 114,5 milljónir króna.

Hér er um afar mikilvægan áfanga að ræða í uppbyggingu þjónustu við fatlaða því þegar fyrirkomulag þjónustunnar er komið í þennan farveg þá verður ekki um eiginlegan biðlista eftir búsetu að ræða. Segja má öllu heldur að gert verði ráð fyrir biðtíma sem væri mislangur eftir þjónustuþörf.

Það er mat ráðherra að þegar unnið hefur verið á biðlistanum eftir búsetu þá verði ráðist í annan áfanga í frekari uppbyggingu á stoðþjónustu, svo sem skammtímaþingum og

stuðningsfjölskyldna auk þess sem stuðningur við fatlaða á vinnumarkaði verður aukinn. Í þessum áfanga er því gert ráð fyrir því að stuðningur við fjölskyldur fatlaðra barna verði aukinn þannig að börnin geti dvalist hjá fjölskyldum sínum eins lengi og það þykir henta.



Húsnæðismál í brennidepli

Húsnæðismál hafa verið í brennidepli í félagsmálaráðuneytinu frá því Árni Magnússon tók við sem félagsmálaráðherra í vor, enda var eitt af hans helstu baráttumálum í kosningabaráttunni innleiðing hækkunar lánschlutfalls almennra íbúðalána í 90% af verði hóflegar íbúðar.

Ríkistjórnin ákvað að setja húsnæðismálin á oddinn á kjörtímabilinu með því að fjalla sérstaklega um 90% lánin í stjórnarsáttmála sínum þar sem segir að meðal helstu markmiða ríkisstjórnar Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks á kjörtímabilinu sé eftirfarandi: Að haldið verði áfram endurskipulagningu á húsnæðismarkaði í samræmi við markmið um Íbúðalánasjóð. Lánschlutfall almennra íbúðalána verði hækkað á kjörtímabilinu í áföngum í allt að 90% af verðgildi eigna, að ákveðnu hámarki. Leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði eflur.

Mótun tillagna að hækkun lánschlutfalls

Á grundvelli þessarar samþykktar réð félagsmálaráðherra sérstakan verkefnisstjóra og skipaði honum til ráðuneytis ráðgjafarhóp til að móta tillögur að útfærslu hækkunar lánschlutfalls. Hallur Magnússon sérfræðingur markaðsmála og stefnumótunar Íbúðalánasjóðs var ráðinn verkefnisstjóri. Ráðgjafarhópurinn var hins vegar skipaður þeim Benedikt Árnasyni, skrifstofustjóra í viðskiptaráðuneytinu, Þórhalli Arasyni, skrifstofustjóra í fjármálaráðuneytinu, og Sigurjóni Erni Þórssyni, aðstoðarmanni félagsmálaráðherra.

Þá var settur á fót samráðshópur fjölmargra hagsmunaaðila

sem koma að húsnæðismálum á einn eða annan hátt.

Ráðgjafarhópurinn hefur haft samráð við rúmlega 60 aðila í undirbúningi tillagna að hækkun lánschlutfalls auk þess sem hópurinn kallaði til liðs við sig Árna Pál Árnason lögmann og Jóhann G. Jóhannsson rekstrarhagfræðing við undirbúninginn.

Íbúðalánin áfram innan vébanda Íbúðalánasjóðs

Ráðgjafarhópurinn hefur skilað félagsmálaráðherra áfanga-skýrslu og á grunni hennar hafa félagsmálaráðherra, forsætisráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra ákveðið að hækkun lánschlutfalls almennra íbúðalána í 90% af verði hóflegar íbúðar muni verða framkvæmd innan vébanda Íbúðalánasjóðs. Þetta var niðurstaða samráðs áður nefndra fjögurra ráðherra sem kynnt hefur verið í ríkisstjórn þar sem samstaða ríkir um málið. Þá hafa stjórnvöld tilkynnt fyrirhugaðar breytingar á hækkun lánschlutfallsins innan núverandi íbúðalánakerfis til Eftirlitsstofnunar EFTA. Ákvörðun um hver hámarksfjárhæð húsnæðislána verður í breyttu íbúðalánakerfi og innleiðing hækkunar í áföngum liggur ekki fyrir.

Mikilvægt skref í þessum breytingum var hins vegar stigið nú um áramót þegar kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á fjármögnun íbúðalánakerfisins frá 1. júlí 2004 þannig að í stað húsbrefa koma bein peningalán. Þessi breyting er neytendavæn þar sem afföll og yfirverð húsbrefa verða úr sögunni og vextir af húsnæðislánum munu að líkindum lækka til lengri tíma litið.



Nefnd um leigumarkað og félagslegt leiguhúsnæði

Eins og fram hefur komið lagði ríkisstjórnin einnig áherslu á að stefnt skuli að því að leigumarkaður íbúðarhúsnæðis verði eflður. Til að fylgja þessu markmiði eftir setti félagsmálaráðherra á fót nefnd til að skoða málefni leigumarkaðar á Íslandi.

Formaður nefndarinnar er Ingi Valur Jóhannsson, deildarstjóri húsnæðismála í félagsmálaráðuneytinu. Auk hans eiga sæti í nefndinni fulltrúar fjármálaráðherra, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Íbúðalánasjóðs, Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, Öryrkjabandalags Íslands, námsmanna, Leigjendasamtakanna og Húseigendafélagsins. Þá er lögð áhersla á að nefndin eigi jafnframt samráð við fleiri aðila sem málið varðar, svo sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Búseta og samtök eldri borgara.

Nefndinni var falið að skoða sérstaklega ástandið varðandi félagslegt leiguhúsnæði, þörfina fyrir slíkt húsnæði og aðgerðir/úrræði hins opinbera, einkaaðila, fjármálastofnana og félagsamtaka á þessum vettvangi.

Gert er ráð fyrir að tillögur og greinargerð nefndarinnar geti legið fyrir á fyrri hluta árs 2004.

Kannanir á sviði húsnæðismála

Í tengslum við undirbúning að hækkun láns hlutfalls og eflingu leigumarkaðar var ákveðið að ráðast í tvær viðamiklar kannanir á sviði húsnæðismála, annars vegar almenna húsnæðiskönnun og hins vegar sértæka könnun meðal leigjenda. Niðurstöð-

ur hinnar almennu könnunar lágu fyrir í lok septembermánaðar, en gert er ráð fyrir að könnun meðal leigjenda verði framkvæmd á næstu vikum.

Rannsóknarsetur í húsnæðismálum

Í ljósi þess að rannsóknir á sviði húsnæðismála hafa verið af skornum skammti á Íslandi fram að þessu ákvað félagsmálaráðherra að taka höndum saman við Íbúðalánasjóð og Viðskiptaháskólann á Bifröst og koma á fót rannsóknarsetri í húsnæðismálum við Viðskiptaháskólann á Bifröst. Samningur þess efnis var undirritaður við skólasetningu á Bifröst í lok ágústmánaðar. Magnús Árni Skúlason hagfræðingur hefur verið ráðinn forstöðumaður rannsóknarsetursins.

Rannsóknarsetrið er sjálfstæð rannsóknarstofnun og er því ætlað að vinna að víðtækum rannsóknum á húsnæðis- og fasteignamarkaði, að vera stjórnvöldum og fagaðilum til ráðuneytis um húsnæðismál, að hafa umsjón með sérstakri gagnaöflun og úrvinnslu upplýsinga á sviði húsnæðismála og standa að útgáfu rannsóknarniðurstaðna og rita um húsnæðismál. Auk þess er stefnt að því að rannsóknarsetrið taki þátt í tengdum rannsóknarverkefnum og sinni þjónusturannsóknum á sínu sviði.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

400 milljónir að auki til sveitarfélaga

Við afgreiðslu á fjárukalögum nú fyrir skömmu var ákveðið að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fengi nú í desember sérstakt aukaframlag að fjárhæð 400 milljónir króna. Með þessu móti verður unnt að koma til móts við óskir sveitarfélaganna um hækkun á framlögum úr sjóðnum. Gert er ráð fyrir að þessum fjárumunum verði annars vegar ráðstafað til útgjaldajöfnunarframlaga og hins vegar til framlaga til sveitarfélaga þar sem íbúafækkun hefur orðið á árunum 2001 til 2003.

Á undanförunum árum hefur hlutverk Jöfnunarsjóðsins aukist mikið og þáttur hans í tekjuöflun sveitarfélaganna farið sívaxandi. Jöfnunarsjóðurinn í núverandi mynd varð raunar ekki til fyrr en 1990. Þá voru gerðar verulegar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Á árinu 1995 var sjóðnum falið það hlutverk að koma húsaleigubótum til skila frá ríki til sveitarfélaga og árið 1996 jókst jöfnunarhlutverk sjóðsins enn til mikilla muna við yfirfærslu alls grunnskólakostnaðar frá ríki til sveitarfélaga. Þessu fylgdi einnig að sjóðurinn tók að sér að hafa milligöngu um útlutun framlaga vegna stofnframkvæmda við grunnskóla í

sveitarfélögum með yfir 2.000 íbúa. Árið 2001 fékk Jöfnunarsjóðurinn framlög til að jafna tekjutap sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti. Heildartekjur sjóðsins hafa vaxið úr rúmlega 2,1 milljarði króna árið 1990 í um 10 milljarða króna árið 2003.

Árin 2001 og 2002 fór fram endurskoðun á laga- og reglugerðarákvæðum um Jöfnunarsjóðinn og tóku breytingarnar gildi í byrjun síðastliðins árs. Þess misskilnings hefur gætt að lækkun framlaga sjóðsins til margra sveitarfélaga á yfirstandandi ári megi aðallega rekja til þessara breytinga. Í raun er þetta ekki þannig. Að vísu var að því stefnt með þessum breytingum að ekki væri verið að útdeila fjármagni til sveitarfélaga með mjög háar tekjur. Í samanburðinum hefur viljað gleymast að á árunum 1999 til 2001 fékk sjóðurinn árlega sérstakt aukaframlag að fjárhæð 700 milljónir króna og árið 2002 var gengið á eigið fé sjóðsins um 500 milljónir króna.

Það er von ráðuneytisins að aukafjárveitingin bæti úr brýnni þörf sveitarfélaganna fyrir auknar tekjur og jafnframt verði framlög sjóðsins á yfirstandandi ári samanburðarhæfari við framlög undanfarinna ára.

Skýrsla um undanþágu elli- og örorkulífeyrisþega frá fasteignaskatti

Á dögunum gaf félagsmálaráðuneytið út skýrslu um niðurstöður könnunar, sem það stóð fyrir á vormánuðum, um beitingu sveitarfélaga á heimildarákvæði 4. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995, en ákvæðið heimilar sveitarfélögum að veita elli- og örorkulífeyrisþegum afslátt eða niðurfellingu á greiðslu fasteignaskatts. Markmið skýrslunnar er að veita yfirsýn yfir beitingu sveitarfélaga á heimildarákvæðinu, en yfirgnæfandi meirihluti þeirra hefur kosið að nýta sér heimild þess. Könnunin samanstóð af 13 spurningum sem beindust að einstökum þáttum í útfærslum sveitarfélaga, svo sem varðandi tekjutengingu, af hvaða húsnæði er veitt niðurfelling eða afsláttur, hvort sömu reglur gildi um elli- og örorkulífeyrisþega o.fl.

Framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í jafnréttismálum

Í 9. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96/2000, er kveðið á um að félagsmálaráðherra leggi fyrir Alþingi, eigi síðar en ári eftir alþingiskosningar, tillögu til þingsályktunar um áætlun í jafnréttismálum til fjögurra ára í senn.

Núgildandi þingsályktun

Undanfarnar vikur hafa Jafnréttisstofa og jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna verið að fara yfir núgildandi þingsályktun og lítur út fyrir að flestum verkefnum ályktunarinnar verði lokið þegar ný ályktun verður samþykkt.

Þingsályktun frá 2004–2008

Við undirbúning við drög að næstu þingsályktun hafa jafnréttisfulltrúar átt samráð við starfsmenn síns ráðuneytis og hittust síðan á fundi með fulltrúum Jafnréttisstofu. Var þá farið yfir gildandi áætlun og lagt til hvaða verkefnum yrði framhaldið og ný verkefni lögð til. Jafnréttisstofa mun fara yfir þessar fyrstu tillögur og senda fulltrúunum aftur ásamt athugasemdom. Áætlað er að fyrstu drög að nýrri þingsályktun muni liggja fyrir 1. febrúar og tillaga til þingsályktunar verði lögð fyrir Alþingi á vormánuðum.

Nýr ríkissáttasemjari



Félagsmálaráðherra hefur skipað Ásmund Stefánsson í embætti ríkissáttasemjara til fimm ára frá 1. nóvember 2003. Tók hann við embættinu af Þóri Einarssyni. Ásmundur lauk hagfræðiprófi frá Kaupmannahafnarháskóla árið 1972. Hann var hagfræðingur hjá Alþýðusambandi Íslands 1974–1978, framkvæmdastjóri ASÍ 1979–1988 og forseti ASÍ 1980–1992. Árið 1993 hóf hann störf sem framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka hf. og gegndi því til 2001 er hann tók við starfi sem framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Alþýðubankinn hf. (nú Framtak fjárfestingarbanki hf.). Því starfi gegndi hann þar til hann tók við embætti ríkissáttasemjara.

Nýr framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu



Félagsmálaráðherra hefur skipað Margréti Maríu Sigurðardóttur í embætti framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu til fimm ára frá 1. nóvember 2003. Tók hún við embættinu af Valgerði H. Bjarnadóttur. Margrét María lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1990. Hefur hún stundað ýmis lögfræðistörf, þar á meðal hjá sýslumannsembættum og héraðsdómi. Frá 1998 hefur hún rekið eigin lögmannsstofu ásamt öðrum störfum, meðal annars sem atvinnuráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga og sem framkvæmdastjóri Neytendasamtakanna. Frá ársbyrjun 2002 starfaði hún sem lögfræðingur hjá Jafnréttisstofu í hálfu starfi og gegndi því ásamt lögmannsstörfum þar til hún tók við embætti framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu.

Samhliða gerð skýrslunnar, og með hliðsjón af úrskurðum ráðuneytisins varðandi beitingu sveitarfélaga á 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995, taldi ráðuneytið jafnframt nauðsynlegt að draga saman leiðbeiningar til sveitarfélaga um skýringu og beitingu ákvæðisins. Í leiðbeiningunum eru meðal annars settar fram þær takmarkanir sem ákvæðið sjálft og aðrar réttarreglur setja útfærslu sveitarfélaga á heimildarákvæðinu.

Skýrslan og leiðbeiningar ráðuneytisins hafa nú verið sendar öllum sveitarfélögum á landinu, en þær má jafnframt nálgast á vef félagsmálaráðuneytisins: felagsmalaraduneyti.is.





Verkefnisstjórn ásamt formönnum undirnefnda, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og verkefnisstjóra; frá vinstri Guðjón Bragason, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, Þórður Skúlason, Róbert Ragnarsson, Hjálmar Árnason, Arnbjörg Sveinsdóttir og Hermann Sæmundsson.

Efling sveitarstjórnarstigsins

Félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa hafið áttak til að efla sveitarstjórnarstigið hér á landi.

Tvær nefndir hafa verið skipaðar af félagsmálaráðherra í þessum tilgangi. Annars vegar sameiningarnefnd sem útfæra á tillögur um nýja sveitarfélagaskipan í samráði við hlutaðeigandi sveitarstjórnir og landshlutasamtök og hins vegar nefnd um aðlögun tekjustofna að nýrri sveitarfélagaskipan.

Í sameiningarnefnd eiga sæti Magnús Stefánsson, Guðjón Hjörleifsson, Margrét Frímansdóttir, Helga Halldórsdóttir, Smári Geirsson, Elín R. Líndal og Guðjón Bragason sem er formaður.

Í tekjustofnanefnd sitja Árni Þór Sigurðsson, Kristján Þór Júlíusson og Hermann Sæmundsson sem er formaður. Fjármálaráðuneytið á eftir að tilnefna einn fulltrúa í nefndina.

Yfirumsjón með verkefninu er í höndum þriggja manna verkefnisstjórnar sem skipuð er af félagsmálaráðherra, en í henni sitja Arnbjörg Sveinsdóttir, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Hjálmar Árnason sem er formaður. Róbert Ragnarsson, stjórnsmálafræðingur, hefur verið ráðinn verkefnisstjóri og mun hann starfa náið með verkefnisstjórn og sameiningarnefnd meðan verkefnið stendur yfir.

Verkefnisstjórninni er jafnframt falið að leggja fram tillögur til félagsmálaráðherra um hvaða breytingar komi til greina að gera á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í því augnamiði að treysta sveitarstjórnarstigið og efla sjálfsforræði byggðarlaganna.

Framkvæmd verkefnisins

Verkefnisstjórnin hefur ákveðið að vinna verkefnið á þann hátt að láta nýja verkaskiptingu vera grunninn að nýrri sveitarfélagaskipan. Með því að vinna verkefnið á þennan hátt má ætla að auðveldara verði að finna kjörstærð sveitarfélaga og leggja í kjölfarið fram tillögur að sameiningu sveitarfélaga. Því mun verkefnið vinnast í ákveðnum áföngum, þar sem í fyrsta kasti verður unnið að því að finna hvaða verkefni sveitarfélögin geta með góðu móti tekið að sér. Verður miðað við að ýmis nærþjónusta við íbúana eigi betur heima hjá sveitarfélögum en hjá ríkisstofnunum. Opinber verkefni krefjast mismikils mannfjölda, til dæmis þarf fleiri íbúa til að standa undir rekstri heilsugæslu en rekstri leikskóla. Því munu tillögur sameiningarnefndar væntanlega taka mið af því að sveitarfélög verði nægilega stór og öflug til að geta annast þau verkefni sem þeim er ætlað.

Í öðrum áfanga verða tillögur að nýrri sveitarfélagaskipan unnar út frá þeim verkefnum sem sveitarfélögunum er ætlað að annast. Í þriðja áfanga verður farið ítarlega yfir hvaða breytingar þarf að gera á tekjustofnakerfi sveitarfélaganna til að gera þeim kleift að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað.

Ætlað er að tillögur um nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og nýja sveitarfélagaskipan líti dagsins ljós á vormánuðum 2004, og að kosið verði um sameiningartillögurnar vorið 2005.

Félagsmálaráðherra ásamt
fulltrúum styrkþega úr
Nýsköpunar- og styrkjasjóði
Evrópuárs fatlaðra 2003.



Styrkir vegna Evrópuárs fatlaðra 2003

Félagsmálaráðuneytið auglýsti styrki til umsóknar úr nýsköpunar- og styrkjasjóði Evrópuárs fatlaðra 2003 síðastliðið sumar. Fjöldi áhugaverðra umsókna bærust ráðuneytinu sem báru vitni um framþróun og hugmyndaauðgi í málaflokknum. Mikillar fjölbreytni gætti meðal verkefna og nam upphæð innsendra umsókna samtals um 109 milljónum króna, sem segir nokkuð um þann áhuga sem gættir meðal þeirra sem koma að þjónustu við fatlaða á Íslandi.

Verkefnishópur sem ráðuneytið skipaði gerði tillögu um styrki til verkefna á sviði þróunar og nýsköpunar í þjónustu við fatlaða. Einnig voru veittir styrkir til verkefna sem eru að veita fötl-uðum þjónustu sem þykir framúrskarandi og til eftirbreytni fyrir aðra. Formleg styrkveiting fór fram þriðjudaginn 25. nóvember á Listasafni Reykjavíkur, þar sem félagsmálaráðherra veitti styrkina. Tólf verkefni sem þóttu sérlega áhugaverð hlutu því styrk úr styrkjasjóðnum (hægt er að nálgast lista yfir verkefni sem hlutu styrk á vefsvæðinu www.arfatladra.is).

Styrkþegum var boðið að kynna verkefni sín á ráðstefnu sem haldin verður á vegum félagsmálaráðuneytisins þann 26. mars 2004. Ráðstefnan ber heitið *Hin góðu dæmi* og er lokaviðburður í skipulagðri dagskrá félagsmálaráðuneytisins í tilefni af Evrópuári fatlaðra.

Félagsmálaráðuneytið, Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (The European Commission) og Framkvæmdasjóður fatlaðra standa að styrkveitingunni í tilefni af Evrópuári fatlaðra 2003.

Eftirfarandi er stutt lýsing á þremur verkefnum sem hlutu styrk úr styrkjasjóðnum:

Þrjú fræðslurit fyrir seinfæra/þroskahefta foreldra

Fræðsluefni fyrir seinfæra/þroskahefta foreldra er verkefni Landssamtakanna Þroskahjálpar sem hlaut styrk úr sjóðnum. Verkefnið felst í því að þróa fræðsluefni um meðgöngu og umönnun ungra barna fyrir seinfæra/þroskahefta foreldra og stuðningsaðila þeirra.

Stefnt er að því að vinna þrjú upplýsingarit undir heitunum *Meðgangan*, *Umönnun ungra barna* og *Þroski og örvun ungra barna*.

Í fyrsta ritinu verður lögð áhersla á þætti sem ber að hafa í huga við heilbrigða meðgöngu og hvernig foreldrar geta undirbúið sig sem best fyrir foreldrahlutverkið. Næstu tvö rit fjalla um fyrstu sex mánuðina í lífi barnsins, líkamlega og andlega umönnun þess, þörf barnsins fyrir næringu, svefn og örvun og mikilvægi hreinlætis. Fræðsluritin þrjú verða skrifuð á einföldu og auðlesnu máli með skýringarmyndum.

Þar sem fræðsluþörf foreldra er mismunandi eftir aðstæðum og veltur til að mynda á því hvort um fyrirbura er að ræða, eitt barn eða fjölbura er mikilvægt að efnið sé sveigjanlegt. Fræðsluefnið verður því í lausblaðaformi og afhent fagfólki í heild sinni. Síðan mun fagfólkið sniða fræðsluna að þörfum hverrar fjölskyldu með því að nota einungis það efni sem við á hverju sinni.

Þjónusta við einhverfa leikskólanema

Heildstæð þjónusta fyrir leikskólanemendur með einhverfu og fjölskyldur þeirra er eitt þeirra verkefna sem hlaut styrk úr sjóðnum. Verkefnið er unnið í samvinnu Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins og Leikskóla Kópavogsbæjar. Framkvæmdin miðar að því að samþætta þjónustu innan mismunandi kerfa og leitast við að færa hana nær daglegu umhverfi barnsins. Markmið verkefnisins er að stuðla að þekkingu og færni til að vinna með börnum með einhverfu í leikskólum Kópavogs og byggja upp heildstæða þjónustu fyrir börn með einhverfu og fjölskyldur þeirra. Íhlutun mun fara fram í leikskólanum og á heimilum barnanna í samstarfi við foreldra. Þverfagleg þekking verður nýtt til fullnustu og foreldrar munu vera nánir samstarfsmenn og sitja í teyllum þar sem einstaklingsmiðuð þjónusta verður höfð að leiðarljósi.

Kostir og ókostir sólarhringsþjónustu

Verkefni Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum hlaut styrk sem heitir *Kostir þess og ókostir fyrir mikið fatlað fólk að búa í íbúð með sólarhringsþjónustu*. Markmið verkefnisins er að veita og meta kosti þess og ókosti að mikið fatlaðir einstaklingar búi í eigin íbúð (leiguíbúð) með sólarhringsþjónustu og finna út hvort það sé hagkvæmara að veita slíka þjónustu í stað þess að byggja upp stór sambýli.



Formennska félagsmálaráðuneytisins í Norðurlandasamstarfi

Árið 2004 fer Ísland með formennsku í samstarfi Norðurlandanna. Í áætlun Íslands er kastljósinu beint að forsendum lífsgæðanna, sem eru **auðlegð Norðurlandanna**, „**Nordens resurser**“. Litið er á auðlegð í víðu samhengi, svo sem í ljósi mannaúðs, menntunar og samfélagslegra gilda. Félagsmálaráðuneytið fer með málaflokka sem tengjast grunnþáttum velferðarkerfisins, þ.e. félagsþjónustu, húsnæðismál, vinnumál, jafnréttismál, barnavernd, málefni fatlaðra og fleira.

Félagsmálaráðuneytið hefur lagt fram áherslur sínar á komandi formennskuári og eru þær meðal annars á vinnumál, jafnréttismál, húsnæðismál og félagsmál.

Í **vinnumálum** verður lögð áhersla á samskiði á milli stefnu í menntun og þjálfun og stefnu í vinnumálum. Framkvæmd verkefni um gagnkvæma viðurkenningu á starfsréttindum er þýðingarmikil í þessu sambandi.

Eldri starfsmenn sem hafa öðlast reynslu með starfi sínu og starfsþjálfun er auðlegð sem ekki hefur verið virt sem skyldi. Ísland vill beita sér fyrir því á formennskutíma sínum að kannað verði með hvaða hætti sé unnt að koma í veg fyrir að fólk sé látið gjalda aldurs á vinnustað. Einnig mun félagsmálaráðuneytið beita sér fyrir auknu samstarfi og samráði um að bæta heilsuvernd og öryggi starfsmanna við stórfamkvæmdir.

Í **jafnréttismálum** verður samstarfsáætlun fylgt sem í gildi er og byggist á þremur viðfangsefnum: Kynja- og jafnréttis-sjónarmiðum í norrænni efnahagsstefnu, körlum og jafnrétti ásamt vernd gegn ofbeldi. Ísland leggur áherslu á í formennskutið sinni að brjóta til mergjar ástæður viðvarandi launamunar kynjanna. Þrátt fyrir aðgerðir til að ná fram jafn-

rétti kynjanna á vinnumarkaði er enn fyrir hendi óútskýrður launamunur milli kynjanna. Unnið verður áfram að því að leita leiða til að draga úr þessum mun og verður lögð rík áhersla á samstarf innan Norðurlandaráðs milli jafnréttismála og vinnu-markaðsmála.

Þá leggur Ísland til að gerð verði könnun á reynslu norrænna foreldra af töku fæðingarorlofs, samkvæmt lögum um fæðingar- og foreldraorlof, einkum með tilliti til fæðingarorlofs feðra.

Í **húsnæðismálum** verður unnið eftir samstarfsáætlun í húsnæðis- og byggingarmálum fyrir tímabilið 2002 til 2005, en þar eru tilgreind þrjú meginstarfs svið: Félagsleg húsnæðismál, sjálfbær þróun húsnæðis- og byggingargeira auk borgarstefnu. Jafnframt verður framhald á verkefnum sem stofnað var til undir formennsku Svía sem miða að því lækka byggingar- og húsnæðiskostnað innan Norðurlanda og draga úr viðskiptahindrunum milli landanna sem og í viðskiptum þeirra við Eystrasaltsríkin.

Í **félagsmálum** verður lögð áhersla á að styrkja þá þætti sem stuðlað gætu að aukinni atvinnuþátttöku fatlaðs fólks. Er það í samræmi við þá grunnhugmynd sem lögð var fram á Evrópuári fatlaðra 2003 þar sem atvinnuþátttaka fatlaðra hefur verið í brennidepli. Breytinga er þörf til að tryggja að fötludum sé gert kleift að taka með virkari hætti þátt í atvinnulífinu, bæði þeim sjálfum og samfélaginu til hagsbóta. Sú hugmynd að horfa á getu fólks en ekki hömlun þess felur í sér nýja sýn á þá sem eru á einhvern hátt fatlaðir og er leiðarvísir í stefnumörkun í þessum málum.

Ný stjórn

Vinnueftirlits ríkisins

Félagsmálaráðherra hefur skipað nýja stjórn Vinnueftirlits ríkisins í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar voru á skipulagi stofnunarinnar með nýjum lögum er samþykkt voru í mars síðastliðnum. Stjórnin ber ábyrgð á faglegru stefnumótun Vinnueftirlitsins gagnvart ráðherra auk þess að vera honum og forstjóra stofnunarinnar til sérstakrar ráðgjafar í málum er tengjast bættum aðbúnaði, hollustuháttum og öryggi á vinnustaðum. Er henni jafnframt ætlað að vera umsagnaraðili vegna frumvarpa til laga og reglugerða um

mál er falla undir gildissvið vinnuverndarlaganna. Þá var sú breyting gerð á skipan stjórnarinnar að Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins eiga þar nú tvo fulltrúa í stað þriggja áður en þeirra í stað tilnefnið Bandalag háskólamanna og fjármálaráðuneyti sinn fulltrúann hvor. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Samband íslenskra sveitarfélaga eiga enn fremur áfram hvor sinn fulltrúa. Nýr formaður stjórnar er Guðjón Ólafur Jónsson, lögmaður.